

REGLUGERÐ
um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014
um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 4. töluliður, svohljóðandi:

4. Framseld reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2024/2512 frá 17. apríl 2024 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda að því er varðar behensýru úr mustarðsfræjum til notkunar við framleiðslu á tilteknum ýruefnum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2025 frá 7. febrúar 2025. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 20. mars 2025, bls. 526.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. og 31. gr. a laga um matvæli, nr. 93/1995.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 4. apríl 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Svava Pétursdóttir.